

Fundur Betadeildar miðvikudaginn 17. mars 2010

Fundarstaður: Hrafnagilsskóli

Dagskrá

1. Setning fundar
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Orð til umhugsunar
4. Ávarp landssambandsforseta
5. Önnur mál
 - a. Fréttir af vorþingi
 - b. Leikhúsferð í apríl
 - c. Aðalfundur (og jafnframt lokafundur) í maí
6. Rætt um bæurnar sem valdar voru í leshringinn í janúar (Mæling heimsins og Harmur englanna).
7. Kaffi og happadrætti (María Gunnarsdóttir fékk síðasta vinning).

1. Eygló setti fund og skilaði kveðju frá fjarverandi félagskonum.
2. Þorgerður las fundargerð frá síðasta fundi.
3. Að þessu sinni flutti Selma Hauksdóttir orð til umhugsunar. Hún las ljóð sem Jónas Hallgrímsson þýddi. Jónas var náttúruvísindamaður og varð hann fyrir valinu vegna þess að önnur bókin sem var til umræðu á fundinum er vísindaskáldsaga
4. Gestir kvöldsins voru Ingibjörg Jónasdóttir landsambandsforseti og Ingibjörg Einarsdóttir fyrrverandi landsambandsforseti. Ingibjörg Jónasdóttir ávarpaði félagskonur. Hún hvatti þær til að fara á Stóru upplestrarkeppnina sem haldin er árlega en Ingibjörg hafði verið á henni áður en hún kom á fundinn og fannst það mjög gefandi. Hún þakkaði fyrir að fá að koma og finna systrabelið um allt land. Hún sagði frá heimsókn sinni til Bandaríkjanna á vegum samtakanna. Ingibjörg hvatti konur til að nýta sér alheimstengslin. Hún bað konur einnig um að hugleiða það að taka þátt í alþjóðanefndum samtakanna en eins og er þá á Ísland engan fulltrúa í alþjóðlegri nefnd þó svo annar varaforseti sé frá Íslandi. Vorþingið var nefnt næst og rakti hún dagskrá þess lauslega. Hún sagði enn fremur frá því að félagskonum hafi fjölgað í öllum deildum samtakanna sl. 2 ár. Ingibjörg Einarsdóttir sagði lítillega frá hugmyndum að stofnun nýrra deilda á Íslandi og að hugsanlega yrði stofnuð önnur deild á Norðurlandi. Hún óskaði eftir ábendingum um konur í hana.
5. Eygló benti á að konur myndu senda póst á hana ef þær ætluðu á vorþingið og hún ætlar svo að setja nöfnin strax inn á vefsíðuna og þá geta konur séð hverjar fara. Deildin hefur styrkt konur sem fara á vorþing með því að greiða ráðstefnugjaldið sem er 3500 kr. núna. Stjórnin hefur ákveðið að fara í leikhúsferð og mun senda póst um stað og tímasetningu, en gert er ráð fyrir henni seinnipartinn í apríl. Ef leikhús næst ekki þá verða það tónleikar. Lokafundur deildarinnar verður svo 28. maí heima hjá Ernu.

6. Sigrún Aðalgeirsdóttir reið á vaðið í umræðum um bókina „Mæling heimsins”. Þær konur sem höfðu lesið hana ræddu hana og sitt sýndist hverri. Þegar umræðum um hana lauk fengu konur sér kaffi og gæddu sér á glæsilegum veitingum sem María Gunnarsdóttir, Björk Sigurðardóttir og Jónína Hauksdóttir lögðu fram. Eftir það var umræðum um bækur haldið áfram og var bókin „Harmur englanna” næst. Þær sem höfðu lesið hana voru sammála um að hún væri mjög góð og bíða spenntar eftir framhaldinu.
7. Happprættisvinninginn að þessu sinni hlaut Gunnlaug Friðriksdóttir.

Ritari
Þorgerður